

REGLUGERÐ

um leyfi til tilfærslu eða flutnings líka.

1. gr.

Sýslumaðurinn á Siglufirði Norðurlandi eystra veitir leyfi til tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit, að fengnu samþykki kirkjugarðsstjórnar sem hlut á að máli og biskups Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 50. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sbr. 22. gr. laga nr. 145/2013, öðlast gildi 1. febrúar 2014.

- Innanríkisráðuneytinu, 21. janúar 2014. -

- Hanna Birna Kristjánsdóttir. -

- Ragnhildur Hjaltadóttir. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.